



# Trélitaveski

Höfundur: Helena Eiríksdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 6. og 7. bekk



## Aðferð:

Vélsaumur

Útsaumur

## Efni:

- ✓ Þykkt frekar stíft efni  
t.d. þéttofinn hör eða gallaefni
- ✓ Tvinni
- ✓ 80 cm skáband eða borði
- ✓ Útsaumsgarn

## Áhöld:

- ✓ Saumavél
- ✓ Skæri
- ✓ Málband
- ✓ Títuprjónar
- ✓ Blýantur eða fatakrít
- ✓ Oddhvöss útsaumsnál
- ✓ Pappírsmið 20 x 44 cm  
og 13 x 44 cm.

## Vinnulýsing fyrir nemendur


- 1 Byrjið á að títuprjóna sniðið á efnið, mælið 1 cm í saumfar allan hringinn á báðum stykkjum og krítið meðfram. Klippið efnið eftir krítarfarinu.
- 2 Víxlsaumið hringinn á báðum stykkjum.
- 3 Teiknið skreytingar t.d nafnið ykkar á réttuna á efnunum.

Notið hugmyndaflugið.




- 4 Saumið skreytingarnar með aftursting eða lykkjuspori.


Afturstingur



Lykkjuspor




- 5 Títuprjónið niður aðra langhliðina á minna stykkinu og saumið með beinu spori.
- 6 Mælið tvo 40 cm langa borða og festið með títuprjóni á miðja stutthlið (réttuna) á stærra stykkinu.
- 7 Næst eru stykkinn saumuð saman með réttu á móti réttu. Langhliðin á minna stykkinu sem ekki var búið að ganga frá leggst við aðra langhlið stærra stykkisins. Títuprjónið vel og saumið með beinu spori.
- 8 Klippið aðeins úr hornum og snúið stykkinu við.




- 9 Strauið öll saumför vel út.

- 10 Mælið og teiknið með fatakrít inn á minna stykkið með 2 cm bili, bæði að ofan og neðan.



- 11 Saumið með beinu spori á milli línanna þannig að það myndist u.þ.b. 24 langir, mjóir vasar.



- 12 Títuprjónið niður þær hliðar sem eftir er að ganga frá og saumið með beinu spori.
- 13 Strauið létt yfir stykkið.

